



Umhverfis- og orkustofnun

María Guðmundsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 7.4.2025

Málsnúmer: 202503-0056

IAS

Efni: Umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Þjórsárdal.

Vísað er til erindis frá Umhverfis- og orkustofnun, dagsett 18. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Rauðukamba ehf. um nýtingarleyfi á jarðhita í Þjórsárdal.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsagnir um borholur Rauðukamba ehf. í Þjórsárdal (sjá: [umsögn dags. 16. des. 2024](#) og [umsögn dags. 30. júlí 2024](#)).

Hér er vísað í þessar umsagnir og þá sérstaklega þá ábendingu að forðast eigi að raska gervígígum vegna alþjóðlegs mikilvægis og verndargildis þeirra. Best væri ef engar borholur væru staðsettar innan gervígígasvæðisins. Við fyrri umsagnarskrif óskaði Náttúrufræðistofnun eftir og fékk upplýsingar frá framkvæmdaraðila um að lítið rask hefði verið við borun hola SL-02 og SL-04 sem eru innan gervígígasvæðis og er brýnt að áfram verði tryggt að svo verði við nýtingu og frágang.

Rauðukambar ehf. sækja um nýtingarleyfi til 65 ára en að mati Náttúrufræðistofnunar ætti í fyrstu að veita leyfi til 30 ára og vakta vandlega áhrif vatnstöku og niðurdælingar á ástand vatnshlotsins og grípa strax til aðgerða ef vart verður við hnignun þess.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur